



## NÚVERANDI ÁSKORANIR

Mikil veikindi hafa hrjáð hana og hún hefur verið í rannsóknum reglulega en ekkert fannst við fyrstu. Var að fá greiningu og hún er með endómetríósu sem veldur henni miklum verkjum. Það er mikil bið í kerfinu eftir úrræðum. Er á biðlista eftir aðgerð.

Hún hefur verið mikið frá vegna veikinda og henni finnst yfirmaður hennar ekki sýna því skilning. Það breyttist þó smá þegar hún fékk greininguna og lét yfirmann sinn vita. Er mjög kvíðin þegar hún þarf að tilkynna veikindi.

Einhverfan hennar lýsir sér mikið í fullkomnaráráttu og að allt sé mjög nákvæmt og unnið á sama hátt. Þegar það er ekki gert fer hún alveg í kerfi og á erfitt með að vinda ofan því.

# HALLDÓRA

## GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

ALDUR 24

KYN Kona

ÞJÓÐERNI Íslensk

**FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR** Í sambúð með konu. Er greind með einhverfu, ADHD og endómetríósu.

**STARF/FERILL** Er grafískur hönnuður hjá hönnunarstofu. Fer gott orð af henni sem hönnuði.

## VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Oft mjög verkjuð og greiningarferlið hefur dregið hana niður andlega.
- Gerir miklar kröfur til sín og vill gera allt 100%.
- Fjarvera hennar og að þufa að sleppa tókunum á verkefnum hefur reynst henni erfitt.
- Hefur þróað með sér þunglyndi og kvíða.
- Gekk í samtök um endómetríósu og fær þar stuðning en óttast að enda á örorku og endurhæfingarlífeyri eða jafnvel detta alveg út af vinnumarkaði.

## HVATNING

- Finnst gaman að vinna sem grafískur hönnuður og hefur fengið verðlaun fyrir markaðsefni.
- Langar að landa fleiri stórum viðskiptavinum.
- Hún bindur vonir við að komast fljótlega í aðgerð og fá aftur fulla starfsorku.

## VINNUAÐSTÆÐUR

- Vinnur við grafíska hönnun á hönnunarstofu.
- Ber ábyrgð á verkefnum gagnvart stórum viðskiptavinum ásamt samstarfsfélaga sínum.
- Hún hefur rætt við samstarfsfélaga sinn sem hefur sýnt henni mikinn stuðning og tekið að sér að leiða verkefnið.
- Hún mundi stýra því öðruvísi og það truflar hana hversu óskipulagður samstarfsfélaginn er.
- Hún hefur reynt að skipta sér ekki of mikið af þar sem hann er að gera henni greiða en það hefur stundum reynst henni erfitt.

## Spurningar stjórnanda

- Hvaða rétt á hún á veikindum?
- Væri betra að hafa hana í hlutaveikindum? eða hlutastarfi?
- Er of mikið álag hjá henni sem eykur á veikindi hennar og verki?
- Hvernig getur hún unnið betur í teymi?
- Hvar ætti hún að vera staðsett í ferlinu?
- Hvar ætti annar að taka við?
- Hvar passar hún best inn í?

## Spurningar samstarfsfólks

- Hvernig get ég sýnt henni að ég ráði við verkefnið einn án þess að bola henni út úr því?
- Þreyttur á afskiptum hennar, hvernig get ég komið því fallega frá mér?



## Spurningar einstaklingsins

- Hefur þetta áhrif á stöðu mína hjá fyrirtækinu?
- Mun þetta hafa áhrif á starfsferil minn?
- Ætli ég verði lengi að jafna mig eftir aðgerðina og að yfirmaður minn fái þá endanlega nóg?
- Ætli ég geti fengið að fara í hlutastarf tímabundið vegna skertrar starfsgetu?

## Spurningar stefnumótenda

- Hvernig getum við komið til móts við starfsfólk með skerta starfsgetu? eða í langtímaveikindum?
- Þurfum við að uppfæra stefnu fyrirtækisins eða er tekið á þessu þar?
- Hvaða kostnaður hlýst af veikindum hennar?
- Hvaða kostnaður hlýst af þjálfun nýs starfsfólks?
- Hvers virði er góður starfsandi og hollusta starfsfólks?
- Koma stjórnvöld til móts við fyrirtæki?